

Gunnar Kristinn Ottósson

Subject: RE: Urðarás 11 - breyting á deiliskipulagi (2022060316)

Frá: Garðar K. Vilhjálmsson <gardar@logmenn.is>

Sent: mánudagur, 4. júlí 2022 17:41

Til: Unnar Steinn Bjarndal Björnsson; Friðjón Einarsson; Umhverfis- og skipulagsráð

Efni: Urðarás 11 - breyting á deiliskipulagi (2022060316)

Sælir,

Til mín hefur leitað Friðrik P. Ragnarsson vegna höfnunar á erindi hans í 8. máli á dagskrá 296. fundar Umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. júlí sl.

Umbjóðandi minn óskar eftir því að málið verði endurupptekið hjá nefndinni þar sem ómálefnalega hafi verið tekið á umsókn hans og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga ekki gætt.

Í röksemd nefndarinnar fyrir höfnuninni segir orðrétt að „Engin málefnaleg rök s.s. annmarkar á skipulagi eða aðstæður á lóð réttlæta þá breytingu á skipulagi sem sótt er um og breytingin hefði töluverð áhrif á byggðamynstur og yfirbragð götunnar.“

Umbjóðandi minn telur þetta í hæsta máta ómálefnaleg rök hjá nefndinni. Vill hann í fyrsta lagi benda á það að augljóslega er ódýrara að byggja hús á einni hæð en tveimur eins og aðstæðum er háttað við Urðarás 11. Þá heldur umbjóðandi minn því fram að nákvæmlega sömu rök eigi við um hans lóð og næstu lóð nr. 13. Þar samþykkti USK á fundi sínum 28. september 2018 (mál 2018090341) að heimila samskonar breytingu á deiliskipulagi og umbjóðandi minn óskar eftir. Umbjóðandi minn heldur því fram að það sé skýrt brot á jafnræðisreglu að meðhöndla mál hans ekki með sama hætti og gert var við Urðarás 13.

Í ljósi þessa er það ósk umbjóðanda míns að mál hans verði endurupptekið hjá nefndinni og afgreitt með sama hætti og gert hefur verið við sambærileg mál hjá nefndinni.

Með kveðju / With regards,

Garðar K. Vilhjálmsson lögmaður

District Court attorney

LÖGMENN

Tel: +354 420 4030